



Skýrsla um samráð

Efni samráðs

Drög að reglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Samráð hófst

20. janúar 2021

Samráð lauk

1. febrúar 2021

Fjöldi umsagna

4

Umsagnaraðilar

Landssamtökin Þroskahjálp, Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra, Reykjavíkurborg og Öryrkjabandalag Íslands.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Drög að reglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga voru til umsagnar frá 20. janúar til 1. febrúar 2021. Fjórar umsagnir bárust um reglugerðardrögin og eru þær eftirfarandi:

Landssamtökin Þroskahjálp benda á mikilvægi þess að heimild Fasteignasjóðs til úrbóta á atvinnuhúsnæði nái til allra vinnustaða þar sem fatlað fólk er við vinnu óðháð því hvort húsnæðis sé í opinberri eigu eða einkaeigu.

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra tekur undir innkomna umsögn Þroskahjálpar en bendir jafnframt á mikilvægi starfs aðgengisfulltrúa hjá sveitarfélögum og fram kom að það hafi beitt sé fyrir fræðslu á þeim vettvangi.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) beinir þeim tilmælum til ráðuneytisins að Fasteignasjóður verði opnaður öllum þeim sem vilja fara í framkvæmdir vegna aðgengismála, verði ekki einvörðungu fyrir sveitarfélögin. Þá bendir ÖBÍ að horfið verði frá því að einblína á stofnanaúrræði varðandi búsetu fatlaðs fólks en einblínt verði á að fötluðu fólk verði veitt frelsi til að ákvarða búsetu sína sjálf.

Reykjavíkurborg fagnar nýrri reglugerð um málefni Fasteignasjóðsins og telur að með auknu fjármagni til aðgengismála sé stígið stórt skref í þá átt að fatlað fólk geti tekið fullan þátt í borgarsamfélaginu.

Að loknu samráði

Reglugerð um styrki vegna flutningskostnaðar olíuvara hefur verið staðfest af ráðherra og var birt í Stjórnartíðindum í mars 2021.